

Aðstæður kalla á öflugan fjárfestingasjóð

Eftir Hrafn Magnússon

VERULEIKINN sem blasir við kallar á að áhrifamenn í samfélaginu horfi frekar til þess sem getur sameinað þjóðina til að takast á við risavaxin verkefni á næstu misserum og standa af sér óveðrið frekar en að ýta undir sundurlyndi. Það á við alla, hvort heldur þeir gegna skyld um á vettvangi stjórnmála, atvinnulífs, lífeyrissjóða eða hvers kyns hagsmunabaráttu. Forystusveit lífeyrissjóða brást við kalli með því meðal annars að móta hugmyndir um nýjan fjárfestingasjóð sem fékk vinnuheimilið Fjárfestingasjóður Íslands. Honum er ætlað að taka þátt í að reisa íslenskt atvinnulíf úr rústum fjármálahrunsins. Starfshópur á vegum Landssamtaka lífeyrissjóða gerði grein fyrir hugmyndum sínum um hlutverk, tilgang og starfsemi slíks sjóðs á fjölmennum fundi 8. september sl. Því var síðan vísað „heim í hérað“, þ.e. til stjórnar hvers lífeyrissjóðs, að ræða málið í eigin ranni og taka afstöðu til málsins. Gert er ráð fyrir því að sjóðurinn eignist hluti í íslenskum fyrirtækjum í öllum atvinnugreinum, einkum þeim sem lentu í erf-



Hrafn Magnússon

iðleikum vegna efnahagshrunsins en eiga sér vænlegan rektrargrundvöll til lengri tíma. Sérstaklega verður horft til fyrirtækja sem öfluðu gjaldeyristekna eða spöruðu gjaldeyri með starfsemi sinni. Tílefni þessarar greinar er öðrum þræði að ítreka inntakið í hugmyndum um sjóðinn en svara um leið grein eftir

Kristján Þór Júlíusson alþingismaður í Morgunblaðinu 29. september sl. Hann dæmir þar nýja fjárfestingasjóðinn úr leik og afgreiðir tiltekin áform um þátttöku lífeyrissjóða í uppbyggingu atvinnulífs sem tilraunir til að „blekkja fólk til fylgis við glóruleausar ávöxtunarleiðir“ sem þar að auki kunni að vera refsivert athæfi. Þetta eru stór orð og innistæðulaus. Öllu verra er að alþingismaðurinn elur á gagnkvæmri tortryggni milli íbúa á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni. Það er skammsýnt viðhorf og ekki uppbyggilegt í stöðunni því landsmenn allir merkja auðvitað á eigin skinni afleiðingar efnahagshrunsins. Vandinn er þjóðarinnar í heild en ekki bara fólks og fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu! Einmitt þess vegna á það að vera sameiginlegt átak að koma atvinnulífinu á skrið að nýju og þar

» Eg er sannfærður um að fjárfestingasjóðurinn mun skila meiru en margur hyggur og þegar frá líður verði lífeyrissjóðum þakkað fyrir framlag sitt.

má enginn skerast úr leik, síst af öllu kjörnir fulltrúar á Alþingi.

Ég er sannfærður um að fjárfestingasjóðurinn mun skila meiru en margur hyggur og þegar frá líður verði lífeyrissjóðum þakkað fyrir framlag sitt til endurreisnar efnahagslífsins. Á sínum tíma var deilt á lífeyrissjóði fyrir að fjárfesta í Hvalfjarðargöngunum. Sumum þótti það hrein glópska og á Alþingi voru þau sjónarmið nokkuð áberandi að þessi samgöngubót gagnaðist fyrst og fremst höfuðborgarþéttunum en ekki landsbyggðinni. Staðreyndin er að göngin eru ein best heppnaða fjárfesting lífeyrissjóðanna sem sögur fara af og þau gagnast öllum landsmönnum. Mér segir svo hugur um að frumkvæði lífeyrissjóða að nýjum fjárfestingasjóði fái líka góð eftirmæli þótt ýmsir tali því miður kuldalega til þess nú í aðdraganda sjóðsstofnunar.

Höfundur er 6frankvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða.

